

telja að sami maður hafi ritað báðar bækurnar. Eins og nefnt er framar í þessari Griplu ('Af Skálholtsvist Skálholtsbókar yngri', 197), má skipta hlutdeild aðalskrifara Skálholtsbókar í þrennt eftir skriftarlagi, en AM 241 a fol. (Antiphonarium) skipar sér ekki eindregið á bekk með neinum einum þessara þriggja hluta, einna helst þó miðhlutanum (2) að öðru leyti en því, að söngbókartextinn er settari. Af skriftarlagi verður því ekki ráðið með vissu hvort AM 241 a fol. (Antiphonarium) sé skrifað fyrr eða síðar en Skálholtsbók ellegar á ritunartíma hennar, sem hefur verið innan tímamarkanna 1396–1420 samkvæmt fyrrnefndri grein — trúlega nær fyrra markinu. Óhætt mun þó að fullyrða að AM 241 a fol. (Antiphonarium) sé skrifað einhvern tíma á áratugunum kringum aldamótin 1400, þ. e. a. s. nálægt miðju því tímaseiði sem Róbert A. Ottósson skipaði því á af vísindalegri varkárni.

Í áðurnefndri grein um Skálholtsbók yngri var sýnt fram á að sú bók hefði verið í Skálholti frá því að hún var nýskrifuð, og líklegt er því að hún hafi verið skrifuð á staðnum. AM 241 a fol. (Antiphonarium) var eign Skálholtskirkju 1597 (sbr. Róbert A. Ottósson, op. cit., 35), og skriftarlíkindin við Skálholtsbók yngri eru eindregin vísbending um að þetta handrit hafi einnig verið skrifað að stóli Þorláks biskups — e. t. v. á dögum Vilkins biskups (1394–1405), sem 'byggði og sancti Þorláks höfuð meður klárt silfur og lagði sjálfur þar út í hans helgan dóm, hausinn heilan óbrotinn' (Nýi annáll; sbr. Magnús Már Lárusson, op. cit., 96–97).

S.K.

## SALTARABROT Í SVÍPÞJÓÐ MEÐ STJÓRNARHENDI

Í KAFLANUM 'The Pater Noster Psalter. A Psalter of Fifteen Divisions Used in the Scandinavian North' í bókinni *Liturgica Islandica I. Text* (Bibliotheca Arnarnagnæana XXXV, Hafnía 1980), bls. 120–21, gerir Lilli Gjerløw grein fyrir einu blaði úr saltara, sem hefur verið haft í kápu utan um sænska reikninga árið 1578. Þetta blað er varðveitt í Kammararkivet í Ríkisskjalasafni Svía og ber safnmarkið Cod. fragm. Ps 24 í óprentaðri skrá Toni Schmid. Í *Liturgica Islandica II. Facsimiles* (Bibliotheca Arnarnagnæana XXXVI, Hafnía 1980), bls. 128–29, er birt mynd af fremri blaðsíðunni allri minnkaðri og efri hluta hennar í rétttri stærð, en þar er við upphaf 80. Davíðssálms myndstafur með heilagri þrenningu ('náðarstóll').

Skömmu eftir útkomu bókarinnar benti Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur mér á að mjög náinn skyldleiki væri með lýsingu þessarar blaðsíðu og lýsingum í Stjórnarhandritinu AM 227 fol. (sbr. ljósprent að handritinu öllu í *Stjórn. AM 227 fol.* (Corpus Codicum Islandicorum Medii Aevi XX, Copenhagen 1956) og sýnishorn m. a. í *Icelandic Illuminated Manuscripts of the Middle Ages* (Corpus codicum Islandicorum Medii Aevi VII, Copenhagen 1935) og einkum í bók Selmu Jónsdóttur, *Lýsingar í Stjórnarhandriti* (Reykjavík 1971)).

Samanburður á skrift þessarar saltarablaðsíðu og skrift Stjórnarhandritsins leiðir í ljós að saltarabrotið er með sömu hendi og fyrri hluti Stjórnar, en á það hefur áður verið bent að 1. hönd Stjórnarhandritsins AM 227 fol. væri að finna í tíu öðrum íslenskum handritum og handritabrotum (sbr. Jakob Benediktsson, *Rómverjasaga. AM 595 a–b 4to* (Early Icelandic Manuscripts in Facsimile XIII, Copenhagen 1980), bls. 10–12 með tilvísunum). Þetta latneska saltarabrot er því örugglega skrifað af Íslendingi, en er ekki 'a Swedish one', eins og Lilli Gjerløw hugði (*Liturgica Islandica I*, bls. 101).

Af þessu leiðir að hæpið er að álykta út frá vist saltarablaðsins í Svíþjóð á ofanverðri 16. öld að sú tegund saltara sem þarna er um að ræða hafi verið höfð um hönd í Uppsalaerkebiskupsdæmi á miðöldum (sbr. *Liturgica Islandica I*, bls. 101). Ferill saltarans verður ekki rakinn, en á það má minna að eitt íslenska handritsbrotið með sömu hendi er NRA 62 úr Karlamagnús sögu og með hinni hendinni á Stjórnarhandritinu AM 227 fol. er Stjórnarbrotið NRA 60 A; bæði þessi brot hafa varðveist í Noregi (sbr. Stefán Karlsson, 'Íslandsk bogeksport til Norge i Middelalderen', *Maal og Minne* 1979, bls. 11 með tilvísunum í 45. grein á bls. 17). Í þeirri bókagerðarmiðstöð sem skrifari saltarabrotsins í Svíþjóð hefur starfað við hafa því að öllum líkindum verið gerðar bækur öðrum þræði fyrir norskan markað, og vel má vera að saltarinn hafi verið fluttur til Noregs nýskrifaður, en frá Noregi lágu margar leiðir til Svíþjóðar á síðmiðöldum, eins og kunnugt er. Á það má líka minna, að um miðbik 14. aldar þurftu Íslendingar löngum að leita til Svíþjóðar eða a. m. k. austur á Halland, ef þeir ætluðu að finna konung sinn; saltarablaðið sýnir glöggst að sú bók sem það er úr hefur verið gersemi, sem íslenskur fyrirmaður hefði talið konung fullsæmdan af að þiggja að gjöf.

Íslensku handritin ellefu með saltarahendinni hafa verið talin skrifuð á 14. öld, á síðari hluta 14. aldar og um eða skömmu eftir miðja 14.

öld. Óvarlegt er að tímasetja handrit á grundvelli skriftar og stafsetningar innan þrengri tímamarka en hálfra aldar, og fyrri tímasetningar mætti e. t. v. sameina með því að telja líklegt að þessi handrit séu skrifuð á tímabilinu 1330–1380. Það virðist því óhætt að fullyrða að íslenska saltarabrotið í Ríkisskjalasafni Svía sé heldur eldra en Lilli Gjerløw taldi (“fifteenth century, first half”). S.K.

## REGLUR UM SKRIFT OG LATÍNUFRAMBURÐ

EFTIRFARANDI vísur hafa verið skrifaðar á 18. öld í handritið Add. 11.157 í British Library í Lundúnum, sem á eru ýmsar sögur. Vísurnar standa á f. 99v (að því er virðist, en útgefandi þekkir handritið aðeins af ljósmyndum).

Fyrstu fjórar vísurnar eru skrifaðar í samfellu, enda þótt fyrirsögnin fyrir þeim eigi aðeins við þrjár þeirra, og síðan er fimmta vísan skrifuð með sömu hendi, en sérstakri fyrirsögn. Sjötta vísan er með öðru skriftarlagi, en e. t. v. sömu hendi.

Vísurnar eru prentaðar hér stafrétt að öðru leyti en því að notkun upphafsstafa er samræmd, enda er víða torgreint á milli stórra stafa og lítilla, þrátt fyrir reglu fyrstu vísunnar, og sýnir það — ásamt texta-spjöllum a. m. k. í 1.2 — að skrifarinn er ekki höfundur vísanna. Rétt er að nefna það sérstaklega, að þeir bókstafir sem nefndir eru í vísunum eru sumir skrifaðir sem stórir stafir, þ. á m. *i* í 2.1 og 4.3, sem er skrifað *J* og depill yfir á fyrri staðnum í samræmi við regluna sem þar er gefin. Hér eru bókstafirnir skáletraðir þegar þeir gegna hlutverki orða. Í prentuninni er ekki greint á milli ‘króka-*s*’ og þess ‘langa’, og ekki er haldið ‘striki’ yfir *u-i*.

Regla ad skrifa riett:

- (1) Alltýd take sitt vpphaf/ so ej af þuj breiti/  
manna nøfn á stórum staf/ stada og bæja heitj/:
- (2) Punctenum sneidest alldrej *i/* nie *uið* sijnu strike/  
Þo ávallt giæter þu ad þuj/ þa er það ecke miked/:
- (3) Króka ess i vpphaf ber/ og alicktun ad senda/:  
Liöltlegast hid lánnga fer/ ef lafer i ordsinz enda/:
- (4) Ef *a, o, ú* kiemur epter *c/* ad þuj skalltu kueda sem *k/*  
enn ef það er *i:* edur *e:/* ess má heita stafur *sá/*: